



Skemmtibátar

Innflutningur og CE-merking

Skráning

Björgunar- og öryggisbúnaður

Skoðun og eftirlit

Skipstjórnarskírteini



Samgöngustofa

Samgöngustofa
júni 2026

Efnisyfirlit

I. Inngangur	3
II. Innflutningur og CE-merking	3
1. Yfirlit.....	3
2. Skemmtibátar	4
2.1 Hvaða skemmtibáta ber að CE-merkja?	4
2.2 Hvaða bátar þurfa ekki að vera CE-merktir?	4
3. Reglur um innflutning skemmtibáta	5
4. Hvernig má finna út hvort bátur er CE-merktur?.....	5
5. Hvað er til ráða ef innfluttur bátur er ekki CE-merktur?	6
6. Hver framkvæmir samræmismat?	7
6.1 Hönnunarflokkur skemmtibátsins.....	7
6.2 Þarf tilkynntan aðila til þess að framkvæma samræmismatið?	7
6.3 Skjöl.....	7
III. Skráning.....	8
1. Skráningarskylda og -heimild	8
2. Tilkynning og upplýsingar sem þurfa að koma fram	8
3. Ferli skráningar	8
3.1 Innfluttir bátar.....	8
3.2 Nýsmíðaðir bátar – íslenskir.....	9
3.3 Bátar sem hafa verið afskráðir	9
3.4 Bátar sem þegar eru skráðir	9
IV. Björgunar- og öryggisbúnaður	10
1. Búnaður.....	10
2. Skoðun og þjónusta búnaðar	10
3. Ábyrgð	10
V. Skoðun og eftirlit með skemmtibátum	11
1. Upphafsskoðun	11
2. Reglubundin aðalskoðun.....	11
3. Árleg milliskoðun	11
4. Ábyrgð eiganda	11
5. Takmarkað farsvið.....	11
6. Útgáfa haffærisskírteinis	12
VI. Skipstjórnarskírteini.....	13
1. Nýjar reglur	13
2. Fleiri gagnleg ákvæði.....	13

I. Inngangur

Vinsældir skemmtibáta hafa aukist mikið á Íslandi seinustu ár. Til að stuðla að öryggi slíkra báta, hvað varðar sjófærni þeirra, búnað og siglingu, ber að gæta að ýmsum skilyrðum sem gilda um notkun þeirra og fleira. Þessum bæklingi er ætlað að veita yfirlit yfir þær kröfur sem gerðar eru vegna innflutnings, skráningar, öryggisbúnaðar, skoðunar og réttindamála á skemmtibátum. Þau lög og reglur sem vísað er til má nálgast á vef Samgöngustofu, [Skemmtibátar](#).

Skemmtibátar (recreational craft) er hvers konar bátur, ætlaður til íþróttar og tómstunda, óháð knúningsmáta, með bollengd frá 2,5 m til 24 m og allar sæpotur styttri en 4 m. Ekki skiptir máli þótt sama bát megi nota í atvinnuskyni, sé hann settur á markað (þ.e. fluttur inn og/eða tekinn í notkun sem skemmtibátur). Um skemmtibáta og gerð þeirra gildir annars vegar *reglugerð um hönnun og framleiðslu skemmtibáta og einmenningsfara* nr. [130/2016](#), og gildir fyrir báta 2,5-24 m að lengd sem markaðsettir eru á Evrópska efnahagssvæðinu eftir 16. júní 1998 (CE-merktir bátar). Hins vegar gilda reglur nr. [592/1994](#), fyrir aðra báta sem eru 6-15 m (Norðurlandareglur) sem smíðaðir voru fyrir 16. júní 1998 og fluttir eru inn frá EES svæðinu.

Um björgunar og öryggisbúnað skemmtibáta 6-24m gilda reglur nr. [377/2007](#). Skoðanir skemmtibáta skulu framkvæmdar í samræmi við reglugerð nr. [466/2023](#).

Auk þess gilda reglur um skráningu, skipstjórnarréttindi, eins og nánar verður rakið í bæklingi þessum.

II. Innflutningur og CE-merking

1. Yfirlit

Í þessum hluta verður varpað ljósi á þær reglur sem gilda um innflutning og CE-merkingu skemmtibáta, sem ætlunin er að flytja inn eða nota á Íslandi eða annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Það sem helst þarf að hafa í huga í þessum efnum er að:

- i) Skemmtibátur sem smíðaður eftir 16. júní 1998, **verður í öllum tilvikum að vera CE-merktur**, án tillits til þess hvar hann er smíðaður.
- ii) Um skemmtibáta sem smíðaðir eru fyrir 16. júní 1998 gildir í meginatriðum að:
 - Bátar sem koma frá landi innan Evrópska efnahagssvæðisins þurfa ekki að uppfylla kröfuna um CE-merkingu, enda hafi þeir sannanlega komið inn á svæðið eða smíðaðir þar fyrir 16. júní 1998.
 - *Þetta myndi t.d. eiga við um bát sem smíðaður er í Vestmannaeyjum og seldur er til Þrándheims í Noregi, eða til Hafnarfjarðar á Íslandi.*
 - Bátar sem koma frá og eru smíðaðir í þriðja landi (landi utan EES) og ekki eru CE-merktir, er ekki heimilt að flytja inn til lands innan EES.
 - *Þetta myndi t.a.m. eiga við um báta sem keyptir eru frá Bandaríkjunum til Íslands eða til Kaupmannahafnar; t.d. í gegnum eBay.*
 - Bátar sem koma frá þriðja landi, en voru sannanlega smíðaðir í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins eða teknir í notkun þar fyrir 16. júní 1998, þurfa ekki að uppfylla kröfuna um CE-merkingu.

- *Þetta myndi t.d. eiga við um bát sem smíðaður var á Sauðárkróki árið 1993 og notaður þar í 2 ár; áður en hann var seldur til Chile, og nú væri verið að kaupa hann til Danmerkur.*

- iii) Hafi skemmtibátur sem ber að CE-merkja ekki verið CE-merktur af framleiðanda, áður en hann var fluttur til landsins, getur innflytjandi hans þurft að velja á milli þess annars vegar að láta framkvæma nauðsynlegar prófanir á bátinum til þess að fá CE-merkingu, hjá til þess viðurkenndum aðila, með tilheyrandi kostnaði, eða hins vegar að láta senda bátinn burt af Evrópska efnahagssvæðinu.

2. Skemmtibátar

2.1 Hvaða skemmtibáta ber að CE-merkja?

Um skemmtibáta sem þurfa að vera CE-merktir gildir reglugerð *um hönnun og framleiðslu skemmtibáta og einmenningsfara* nr. [130/2016](#). Samkvæmt 3. gr. hennar nær hugtakið skemmtibátur til allra tegunda fara sem eru með bollengd frá 2,5 m til 24 m, með undantekningum (sjá 3. lið 3.gr.) Einmenningsför eins og sæpotur falla undir reglugerðina. Reglugerðin byggir á Evróputilskipun (2013/53/ESB) *um skemmtibáta og einmenningsför á sjó* og var sett á grundvelli þágildandi laga um eftirlit með skipum nr. 47/2003.

Skemmtibátur sem fluttur er inn á Evrópska efnahagssvæðið í fyrsta skipti verður að vera CE-merktur. Þetta gildir þótt hann sé einungis ætlaður til einkanota og/eða aðrir bátar sömu tegundar hafi áður verið fluttir inn á Evrópska efnahagssvæðið. Það sama á við um hálfsmíðaða báta, íhluti og vélar í skemmtibáta. Tilskipunin gildir í öllum ríkjum ESB, auk Noregs, Íslands og Liechtenstein, og er ætlað að hrinda úr vegi hindrunum fyrir viðskipti með skemmtibáta með því að samræma reglur sem um slíka báta gilda.

2.2 Hvaða bátar þurfa ekki að vera CE-merktir?

Undanskilin kröfum um CE-merkingu eru þau tæki og þeir bátar sem getið er í 2. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar (2013/53/ESB), þ.á.m.:

- skemmtibátar sem sannanlega hafa verið settir á markað/teknir í notkun á Evrópska efnahagssvæðinu fyrir 16. júní 1998.
- skemmtibátar sem framleiddir hafa verið á EESsvæðinu fyrir 16. júní 1998, hvort sem þeir hafi verið teknir í notkun eða settir á markað á EES-svæðinu eða ekki. (Ofangreindir bátar verða hins vegar að uppfylla kröfur Norðurlandareglna nr. [592/1994](#).)
- upprunalegir sögulegir bátar og einstaka eftirlíkingar slíkra báta, hannaðir fyrir 1950 og flokkaðir sem slíkir.
- keppnisbátar, merktir sem slíkir af framleiðanda.
- kanóar, kajakar, brimbretti, gondólar og hjólabátar.
- tilraunabátar, að því tilskildu að þeir verði ekki settir á markað á Evrópska efnahagssvæðinu um fimm ára skeið.



3. Reglur um innflutning skemmtibáta

Óheimilt er að flytja til landsins skemmtibát án þess að fyrir liggi samþykki Samgöngustofu fyrir því. Hver einstakur skemmtibátur sem tekinn er í notkun innan Evrópska efnahagssvæðisins í fyrsta skipti verður að hafa verið CE-merktur. Þetta gildir þótt hann sé einungis ætlaður til einkanota og/eða aðrir bátar sömu tegundar fyrirfinnist á EES- svæðinu og séu þar löglega í notkun. Til þess að tollafgreiða megi skemmtibát þarf Samgöngustofa að yfirfara gögn fyrir bátinn, handbók hans og tækniskjöl. Þetta er yfirleitt ekki vandamál þegar um CE-merkta skemmtibát er að ræða, en sé svo ekki þá er óheimilt að koma með hann inn í landið (setja á markað eða taka í notkun), fyrr en hann hefur verið CE-merktur.

Skemmtibátur verður ekki fluttur inn á Evrópska efnahagssvæðið, nema hann sé CE-merktur. CE-merkingu er ætlað að tryggja að þeir skemmtibátar sem settir eru í notkun á svæðinu séu hannaðir og framleiddir í samræmi við viðeigandi staðla og uppfylla grunnkröfur reglugerðarinnar og hafi ekki í för með sér hættu fyrir öryggi og heilsu manna, eignir eða umhverfið. Nokkuð hefur verið um það að reynt hefur verið að flytja skemmtibáta án CE-merkis til landsins, einkum frá Bandaríkjunum. Þegar svo ber undir fæst báturinn ekki tollafgreiddur og verður innflytjandi hans þá að velja um hvort hann lætur CE-merkja bátinn, með tilheyrandi kostnaði, eða sendir hann aftur út fyrir EES-svæðið.



Mynd af CE merkingu fyrir skemmtibát

4. Hvernig má finna út hvort bátur er CE-merktur?

Mikilvægt er að athuga eftirfarandi:

1. Er báturinn með auðkennisplötu með CE-merki?
2. Fylgir samræmisýfirlýsing (Declaration of Conformity) bátnum?
3. Er raðnúmer á skrokk bátsins?
4. Fylgir handbók bátnum?

Auðkennisplata (liður 2.2 í I. viðauka)

Á sérhverjum skemmtibát skal vera varanlega fest plata, í samræmi það sem segir í lið 2.2. í A-hluta I. viðauka reglugerðar nr. [130/2016](#).

Handbók (liður 2.5 í I. viðauka)

Handbók verður að vera á íslensku, dönsku eða ensku. Í henni skulu vera upplýsingar um eiginleika bátsins svo sem hönnunarflokk, þar sem fram koma þær takmarkanir sem báturinn hefur, eiginleikar bátsins, lýsing á kerfum hans og upplýsingar um öryggisatriði svo sem vegna elds og leka, þar eiga að vera sömu upplýsingar og koma eiga fram á auð-

kennisplötu, upplýsingar um hámarksfarm sem framleiðandi mælir með og um stjórn-
hæfniseiginleika bátsins.

Samræmisfirlýsing (14. gr. ESB-samræmisfirlýsing)

Samræmisfirlýsing (Declaration of Conformity) er órjúfanlegur hluti notendahandbókar og er hún vottun framleiðanda eða eftir atvikum innflytjanda skemmtibáts á því að báturinn uppfylli kröfur reglugerðarinnar. Samræmisfirlýsing á að innihalda nafn og starfstöð framleiðanda, stutta lýsingu á bátnum og upptalningu á því eftir hvaða stöðlum báturinn er framleiddur.

Tilkynntur aðili

Tilkynntur aðili (notified body) er óháður þriðji aðili sem vottar að bátur sé í samræmi við viðeigandi kröfur reglugerðarinnar. Hafi skoðanir aðilans verið hluti framleiðsluferl- isins, á kenninúmer hans að vera á auðkennisplötu bátsins. Listi yfir tilkynnta aðila er að finna á [upplýsingasíðu ESB](#), en ekki hefur enn verið skipaður tilkynntur aðili á Íslandi, þegar þetta er skrifað. Um kröfur til tilkynnts aðila er fjallað í V. kafla reglugerðarinnar.



Af heimasíðu Det Norske Veritas, dnv.com.

5. Hvað er til ráða ef innfluttur bátur er ekki CE-merktur?

Samkvæmt 18. gr. reglugerðarinnar verður alltaf að fara fram svokallað samræmismat, til staðfestingar því að báturinn samræmist þeim kröfum sem gerðar eru til skemmtibáta, áður en skemmtibátur verður tekinn í notkun, settur á markað eða hann yfirleitt kemst í gegnum tollafgreiðslu á Íslandi. Til staðfestingar slíku mati þarf að liggja fyrir samræmisfirlýsing og CE-merkingu.

Það er á ábyrgð framleiðanda skemmtibáts eða fulltrúa hans með staðfestu innan EES að láta slíkt mat fara fram og CE-merkja bátinn, og er það vanalega gert á meðan á framleiðslu stendur. Ef aðili flytur á eigin spýtur inn bát, sem ekki var framleiddur með notkun á Evrópska efnahagssvæðinu í huga, lendir hann hinsvegar í þeirri aðstöðu að geta ekki komið honum inn í landið nema með því að láta fara fram samræmismat og CE-merkingu. Þannig þarf innflytjandinn að sjá til þess og bera ábyrgð á að viðkomandi bátur sé í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru skv. reglugerðinni. Verður að gera það í samvinnu við tilnefndan aðila og fara fram á að hann taki bátinn út og útbúi svokallað “post-construction report”. Ekki má setja skemmtibát á markað eða taka hann í notkun, nema hann sé með CE-merkingu.

Samræmismat getur verið umfangsmikið og kostnaðarsamt ferli. Leggja þarf fram fullnægjandi tækniskjöl og útreikninga til tilkynnts aðila sem sýna að skemmtibáturinn fullnægi kröfum reglugerðarinnar, til þess að setja megí CE-merki á hann. Hugsanlega þarf að gera talsverðar breytingar á bátnum, fullnægi hann þeim ekki. Ákveðnar grunnkröfur eru m.a. gerðar til framleiðsluaðferða, stöðugleika, stýrisbúnaðar og rafmagnskerfis skemmtibáta.

6. Hver framkvæmir samræmismat?

6.1 Hönnunarflokkur skemmtibátsins

Það fyrsta sem þarf að gera er að sýna fram á hönnunarflokk bátsins, en gerð er grein fyrir flokkunum í I. Viðauka reglugerðarinnar. Báturinn á að vera hannaður og byggður til þess að þann þola þann vindstyrk og þá ölduhæð sem mælt er fyrir um fyrir hans hönnunarflokk. Í notendahandbók á að vera skilmerkilega gerð grein fyrir hönnunarflokki bátsins og flokkunin nánar úrskýrð.

Hönnunarflokkur, sbr. I. viðauki reglugerðarinnar	Vindstyrkur (á Beaufort-kvarða)	Hæð kenniöldu (H 1/3, metrar)
A	meiri en 8	hærr en 4
B	8 eða minni	4 eða lægri
C	6 eða minni	2 eða lægri
D	4 eða minni	0,3 eða lægri

Ath. hér er verið að leita eftir því fyrir hvernig ferðir bátar eru hannaðir, ekki hvað eigendur þeirra hyggjast nota hann í.

6.2 Þarf tilkynntan aðila til þess að framkvæma samræmismatið?

Mismunandi prófanir þarf að framkvæma eftir því hvaða hönnunarflokk báturinn fellur undir, og lengd, sbr. IA. viðauka reglugerðarinnar. Þegar aðeins þarf að fara fram mat í samræmi við aðferðareiningu A eða A1, sbr. IA. viðauka reglugerðarinnar, getur framleiðandi framkvæmt nauðsynlegar prófanir (innra framleiðslueftirlit). Samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar, getur hvaða einstaklingur eða hvaða lögaðili með staðfestu innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er, sem setur framleiðsluvöruna á markað og/eða tekur hana í notkun á eigin ábyrgð, tekið á sig ábyrgðina á bát, ef hvorki framleiðandinn né viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan EES axla ábyrgðina á því að hann sé í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Í slíkum tilvikum verður einstaklingurinn, sem setur framleiðsluvöruna á markað eða tekur hana í notkun, að leggja fyrir tilkynntan aðila umsókn um skýrslu að lokinni smíði.

Þegar bátur er fluttur til Íslands, getur innflutningsaðili því þurft að fá tilkynntan aðila til þess að flokka bátinn í hönnunarflokka og gefa út samræmisfirlýsingu fyrir bátinn.

6.3 Skjöl

Öll samskipti milli skoðunaraðila og Samgöngustofu, þ.m.t. samræmisfirlýsingar, eiga að fara fram á íslensku eða ensku. Tækniskjöl skulu vera á íslensku, ensku eða norðurlandamálunum dönsku, norsku eða sænsku.

III. Skráning

1. Skráningarskylda og -heimild

Sérhvert skip, 6 m að lengd eða lengra, er skráningarskyldt á Íslandi eins og fram kemur í 6. gr. skipalaga um skráningu skipa, nr. [66/2021](#). Þar á meðal eru skemmtibátar. Ef bátur er styttri en 6 m, er heimilt að fá hann skráðan á skipaskrá, en slíkt getur verið hentugt t.d. vegna veðsetningar eða ef hann skiptir um eigendur.

Ekki er skyldt að skrá skemmtibáta undir 6 m, en þó ber að leita samþykkis fyrir þeim hjá Samgöngustofu ef þeir eru notaðir í atvinnuskyni, sbr. 3. gr. reglna um smíði báta styttri en 6 m, nr. [661/1996](#).

2. Tilkynning og upplýsingar sem þurfa að koma fram

Samkvæmt 6. gr. skipalaga skal tilkynna skráningarskyld skip um leið og þau komast í eign íslensks aðila. Skal eigandi skips senda Samgöngustofu [skráningarbeiðni](#).

Til þess að skrá megi bát á skipaskrá er alltaf skilyrði að honum fylgi afsal eða annað gilt eignarheimildarbréf, sbr. 3. mgr. 6. gr. skipalaga. Þarf afsalið að vera þinglýst eða stimplað af þinglýsingastjóra sem móttekið til þinglýsingar þegar um nýsmíði eða innflutning er að ræða.

3. Ferli skráningar

Þegar um er að ræða innflutning, nýsmíði og breytingar á skráningarskyldum skemmtibátum, er verklag við samþykkt Samgöngustofu þrjúþætt:

- i. Gögn send inn til stofnunarinnar.
- ii. Eftirlit skoðunaraðila með smíði/breytingum, ef framkvæmt á Íslandi.
- iii. Upphafsskoðun á bát.

3.1 Innfluttir bátar

Þegar fluttur er inn nýsmíðaður bátur, getur það talist gilt eignarheimildarbréf ef framvísað er skipasmíðaskírteini. Ef bátur er notaður, skal framvísa sölureikningi eða öðrum eignarheimildum (t.d. Bill of Sale) og öðrum pappírnum sem varða kaup og afhendingu bátsins ásamt tollskjölum vegna innflutnings til landsins. Eignarheimild skal stimpluð af þinglýsingastjóra sem móttekin til þinglýsingar.

Þá skal [skráningarbeiðni](#) fylgja vottorð hlutaðeigandi erlends skráningaryfirvalds um að skipið hafi annaðhvort ekki verið skráð þar eða að öðrum kosti afmáð þar af skipaskrá, eins og segir í 3. mgr. 6. gr. skipalaga.

Skila þarf inn upplýsingum um bátinn til skipaefirlitssviðs Samgöngustofu. Þessar upplýsingar geta verið samræmisýfirlýsing og handbók eiganda, falli bátur undir rg. [130/2016](#) (bátar 2,5 – 24 m, sem koma inn á Evrópska efnahagssvæðið eftir 1998). Að öðrum kosti verður að samþykkja bátinn á grundvelli rg. [592/1994](#), og þarf þá að leggja fram fullnægjandi teikningar, stöðugleikagögn o.fl. samkvæmt þeim. Skipadeild stofnunarinnar framkvæmir upphafsskoðun, gerir mæliskýrslu, gefur út mælibréf, og heimilar að lokum skráningu bátsins.

3.2 Nýsmíðaðir bátar – íslenskir

Þegar skrá á skemmtibát sem smíðaður hefur verið á Íslandi, skal framvísa skipasmíðaskirteini, sem stimplað hefur verið mótttekið til þinglýsingar ásamt skráningarbeiðni. Áður en smíði hefst þurfa að hafa borist tæknilegar upplýsingar um bátinn til samþykktar sbr. 22. gr. skipalaga, nr. [66/2021](#). Smíðin skal framkvæmd undir eftirliti [viðurkennds skoðunaraðila](#) í samræmi við samþykkt gögn. Að smíði lokinni skal framkvæmd upphafsskoðun á bátnum. Þegar því er lokið er gerð mæliskýrsla, mælibréf gefið út og skráning heimiluð.

3.3 Bátar sem hafa verið afskráðir

Hafi bátur hefur verið skráður á skipaskrá, en síðan afskráður og eigi að skrá hann að nýju, þá skal framvísa þinglýstri eignarheimild á borð við afsal, enda eru þá allar upplýsingar um bátinn fyrir hendi í skipaskránni. Senda þarf [skráningarbeiðni](#).

3.4 Bátar sem þegar eru skráðir

Við eigandaskipti á bát sem skráður er á skipaskrá skal kaupandi senda skráningarbeiðni ásamt afriti af þinglýstri eignarheimild, sbr. 17. gr. skipalaga um skráningu skipa, nr. [66/2021](#).

IV. Björgunar- og öryggisbúnaður

Í reglugerð um björgunar- og öryggisbúnað skemmtibáta, nr. [377/2007](#), er að finna heildstæðar reglur um þann öryggisbúnað sem skráningarskyldir (>6 m) íslenskir skemmtibátar allt að 24 m þurfa að hafa. Hún tekur einnig til erlendra skemmtibáta sem staddir eru innan íslenskrar landhelgi, nema þeir hafi tímabundna viðkomu hér með leyfi tollyfirvalda, sbr. 2. gr.

1. *Búnaður*

Í reglugerðinni er m.a. kveðið á um staðsetningu björgunarbúnaðar, leiðbeiningar fyrir hann og kveðið á um hvaða staðla eða reglur búnaðurinn skal uppfylla. Mælt er fyrir um:

- fjölda og gerð björgunarvesta, -búninga og -hringja (6. og 7. gr.),
- gerð, frágang, búnað og merkingu björgunarbáta (8., 9. og 10. gr.),
- siglingatæki og sjókort (11. gr.),
- siglingaljós, merki og öryggisliti báta (12. gr.),
- blys, flugelda, björgunarstiga, nauðsynleg rit, lyfjakistu o.fl. (13. gr.),
- legufæri og festartæki (14. gr.),
- slökkvibúnað (15. gr.),
- fjarfskiptabúnað (16. gr.) og - annan búnað (13. gr.).

2. *Skoðun og þjónusta búnaðar*

Í 4. gr. segir að viðurkenndur þjónustuaðili skuli sýna fram á heimild sína og hæfi til þess að annast skoðanir á búnaðinum. Samkvæmt 5. gr. skulu upphafsskoðun, reglubundnar aðalskoðanir og árlegar milliskoðanir á búnaði skemmtibáta gerðar í samræmi við reglugerð um skoðanir á skipum og búnaði þeirra, nr. [1017/2003](#), sem fjallað er um hér að neðan.

Skoðanir á gúmmíbjörgunarbátum, uppblásanlegum björgunarvestum, neyðarsendum, fjarfskiptabúnaði til neyðarfjarfskipta og slökkvitækjum skulu framkvæmdar af viðurkenndum þjónustuaðilum.

3. *Ábyrgð*

Skipstjóri skemmtibáts, þ.e. sá sem fer með æðsta vald á bátnum, ber ábyrgð á að allur öryggis- og björgunarbúnaður sé í lagi þegar haldið er úr höfn, að honum sé vel við haldið og hann ávallt tilbúinn til notkunar, sbr. 1. gr. rg. [377/2007](#).

V. Skoðun og eftirlit með skemmtibátum

Í 17. gr. rg. [466/2023](#) um skoðanir á skipum og búnaði þeirra eru sérstök ákvæði um skoðanir skemmtibáta og taka þau til skráningarskyldra skemmtibáta, þ.e. stærri en 6 m. Við skoðun skemmtibáta skal, eins og segir í 1. mgr. 17. gr., þess gætt að uppfyllt séu viðeigandi ákvæði laga og reglna eftir því sem nánar er kveðið á um í [skoðunarhandbókum skipa](#), sem nálgast má á heimasíðu Samgöngustofu. Nánar má fræðast um skoðanir skemmtibáta í áðurnefndri reglugerð og á heimasíðu stofnunarinnar. Í framhaldi af skoðun skemmtibáts gefur Samgöngustofa út haffærisskírteini, enda séu skilyrði fyrir því fyrir hendi.

1. Upphafsskoðun

Áður en heimilt er að skrá skemmtibát á skipaskrá skulu þeir skoðaðir upphafsskoðun, sem er allsherjarskoðun á skipi áður en það er tekið í notkun og felur í sér skoðun á öllum atriðum sem tengjast skírteinum og þeirri notkun sem skipinu er ætlað. Slík skoðun er framkvæmd af Samgöngustofu.

2. Reglubundin aðalskoðun

Fimmta hvert ár skal framkvæma reglubundna aðalskoðun, þ.e. skoðun á atriðum sem tengjast notkun og skírteini skemmtibátsins. [Viðurkenndur skoðunaraðili](#) framkvæmir slíkar skoðanir.

3. Árleg milliskoðun

Milli þess sem reglubundin aðalskoðun er framkvæmd ber að framkvæma árlega milliskoðun. Skoðunin skal framkvæmd af [viðurkenndum skoðunaraðila](#). Einnig er eiganda skemmtibáts sem er styttri en 15 m heimilt að annast sjálfur milliskoðun á eigin skemmtibát, sé hann ekki notaður eða ætlaður til útleigu.

Eins og upphafsskoðun og aðalskoðun, skulu milliskoðanir gerðar samkvæmt handbókum, skoðunarskýrslum og fyrirmælum Samgöngustofu um skoðanir skemmtibáta, og skoðun öryggisbúnaðar í samræmi við reglugerð um björgunar- og öryggisbúnað skemmtibáta, nr. [377/2007](#), sem áður var nefnd.

4. Ábyrgð eiganda

Það er eigandi skemmtibáts sem ber ábyrgð á því að lögbundnar skoðanir fari fram með tilskildum hætti og jafnframt að halda bátum og búnaði hans í viðunandi ástandi og tryggja haffærni hans.

Eins og segir í 3. mgr. 36. gr. skipalaga nr. [66/2021](#) teljast forsendur fyrir haffæri brostnar, hafi skemmtibátur orðið fyrir skemmdum eða honum verið breytt.

Skal þá fara fram sérstök aukaskoðun, sem Samgöngustofa eða viðurkenndur skoðunaraðili annast þar sem metið er hvort bátur telst haffær, sbr. 35. gr. skipalaga.

5. Takmarkað farsvið

Eins og segir í skilgreiningum 17. tölul. 3. gr. reglugerðar um björgunar- og öryggisbúnað skemmtibáta, nr. [377/2007](#), er *takmarkað farsvið* afmarkað hafsvæði nánar skilgreint af Samgöngustofu, birt með auglýsingu og sem tilgreina skal í haffærisskírteini skemmtibáts.

Hafsvæðið skal vera nærri þeim stað þaðan sem mögulegt er að hefja skipulagða leit með stuttum fyrirvara og skal afmarka leitarsvæðið við hafsvæði innan fjarða og flóa þar sem líklegt þykir að leit á sjó að mönnum í sjávarháska í dagsbirtu beri árangur innan einnar klukkustundar frá því að skipulögð leit hefst. Samgöngustofa [birtir á heimasíðu sinni yfirlit yfir þau hafsvæði](#) við strendur Íslands sem skilgreind hafa verið sem takmarkað farsvið.

Þegar um er að ræða skemmtibáta við strendur annarra ríkja skal eigandi skemmtibáts leggja fram nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að afmarka það hafsvæði sem telst vera takmarkað farsvið.

6. Útgáfa haffærissskírteinis

Í framhaldi af skoðunum [viðurkennds skoðunaraðila](#) eða eiganda skemmtibáts gefur Samgöngustofa út haffærissskírteini að uppfylltum öllum skilyrðum. Áður en haffærissskírteini er gefið út þarf að greiða skírteinisgjald skv. [gjaldskrá Samgöngustofu](#). Nánari upplýsingar um haffæri veitir skrifstofa Samgöngustofu á Ísafirði í netfangið: isafjordur@samgongustofa.is

Haffærissskírteini eru ekki gefin út nema kvittun fyrir greiðslu liggi fyrir.

VI. Skipstjórnarskírteini

1. Nýjar reglur

Þann 28. júní 2022 tóku gildi lög um áhafnir skipa, nr. [82/2022](#).

Í 11. gr. laganna er fjallað sérstaklega um skemmtibáta og þar er mælt fyrir um að einungis lögmætur handhafi skemmtibátaskírteinis hafi rétt til að stjórna skemmtibát. Ákvæði laganna taka til skráðra skemmtibáta, en þó er heimilt samkvæmt lögunum að setja kröfur um stjórn skemmtibáta sem ekki eru skráningarskyldir, en hafa vélarafl sem er meira en 50 kW.

Uppfylla þarf skilyrði um menntun og þjálfun, sbr. reglur menntamálaráðuneytisins nr. [393/2008](#). Meginreglan er sú að allir þurfa að standast bóklegt og verklegt próf, en ekki er gerð krafa um að sækja sérstakt námskeið eða hafa tilskilinn siglingatíma til að fá útgefið skipstjórnarskírteini.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið setur nánari reglur m.a. um útgáfu og endurnýjun skírteina, gerð skemmtibáta, stærð og farsvið og þær öryggiskröfur sem gerðar eru til slíkra báta og stjórnenda þeirra, sjá 17. gr. reglugerðar nr. [944/2020](#). Stjórnendur skemmtibáta sem skrásettir eru erlendis og notaðir eru að staðaldri hér á landi skulu uppfylla sömu kröfur eða vera handhafar sambærilegs erlends skírteinis, að mati Samgöngustofu.

2. Fleiri gagnleg ákvæði

Siglingalög nr. [34/1985](#) taka til skemmtibáta, en skv. þeim er skipstjóra m.a. skylt að annast um að skip sé haffært, vel útbúið og nægilega mannað og að því sé stjórnað og með það farið í samræmi við góðar venjur og kunnáttu í siglingum og sjómennsku, sbr. 6. og 7. gr. laganna. Skipstjóra er skylt að sjá til þess að skip sé haffært þegar það leggur úr höfn og hafi gild lögboðin skírteini um borð, sbr. 29. gr. skipalaga nr. [66/2021](#).

Jafnframt er skipstjóra skylt að kynna sér ákvæði og fyrirmæli um siglingar er honum ber að gæta á viðkomustöðum skips eða á ferð þess, sbr. 2. mgr. 7. gr. siglingalaga.

Ef áhöfn er ráðin til þess að sigla skemmtibát þarf hún til þess sérstök atvinnuskírteini, enda er þá um siglingu í atvinnuskyni að ræða, sbr. lög nr. [82/2022](#) um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa.